



628. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Teams

föstudaginn 10. október 2025, kl. 11:00

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sandra Sigurðardóttir varaformaður, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Gauti Árnason og Helga Jóhanna Harðardóttir. Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

1. Fjárhagsáætlun 2026

Framkvæmdastjóri fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2026. Áætlunin verður kynnt fyrir ársþingi SASS þann 23. október nk.

Stjórn samþykkir drög að fjárhagsáætlun fyrir 2026 og vísar henni meðferðar ársþings SASS.

2. SASS og SOS

Erindi frá SOS vegna tillögu sem leggja á fram á aðalfundi SOS þann 24. Október nk. Lagt fram til kynningar.

Tillagan kynnt fyrir stjórn sem tekur jákvætt í hana, enda falli hún vel að starfseminni.

3. Úttekt á innra skipulagi SASS

Stjórn leggur til að gerð verði úttekt á innra skipulagi SASS í þeim tilgangi að skýra hlutverk samtakanna svo þau þjóni betur þeim tilgangi sem þeim er ætlaður. Samhliða verð gerð úttekt á samstarfssamningum og skoðaðar leiðir til þess að skilgreina betur hlutverk og skyldur allra aðila. Framkvæmdastjóra falið að leita tilboða í slíka vinnu.

4. Önnur mál

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu dómsmáls er varðar eignarréttar á baklóð Austurvegs 56.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:30

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á Kirkjubæjarklaustri þann 22. október 2025